



Afreks- og styrktarsjóður Aftureldingar

Reglugerð um sjóðin og úthlutunarreglur

1. grein

Heiti sjóðsins er Afreks- og styrktarsjóður Aftureldingar. Sjóðurinn skal að öllu leiti vinna samkvæmt þeim úthlutunarreglum sem samþykktar eru af aðalstjórn Aftureldingar.

2. grein – Tilgangur og hlutverk

Tilgangur sjóðsins er að styðja við afreksíþróttafólk í félaginu auk þess að styrkja þjálfara til endurmenntunar. Úthlutunarupphæð hvert ár byggir á samstarfssamningi Aftureldingar og Mosfellsbæjar.

3. grein – Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins skal mynduð af framkvæmdastjóra Aftureldingar, íþróttafulltrúa Aftureldingar ásamt tveimur stjórnarmönnum sem tilnefndir eru úr aðalstjórn Aftureldingar.

4. grein – Grundvöllur styrkveitinga

Við mat á umsóknum mun sjóðstjórn hafa eftirfarandi atriði til hliðsjónar:

- Þátttaka í landsliðsferðum á vegum sérsambanda ÍSÍ innanlands sem og erlendis, Norðurlandamótum, Evrópumótum, Heimsmeistaramótum og Ólympíuleikum (leita skal viðurkenningar á mótahaldi hjá viðkomandi sérsambandi).
- Þátttaka þjálfara í viðurkenndum þjálfaranámskeiðum erlendis sem ekki er boðið uppá innanlands.
- Önnur verkefni á vegum sérsambanda ÍSÍ, æfingaferðir og önnur sérstök afrek verða sérstaklega metin hverju sinni.
- Stjórn sjóðsins er heimilt að takmarka fjölda styrkja og heildar fjárhæð til einstaklings og innan sama árs.
- Stjórn sjóðsins ákveður hámarksupphæð sem er úthlutað hverju sinni í samræmi við fjölda umsókna og heildarfjárhæð til ráðstöfunar.
- Stjórn sjóðsins skal upplýsa umsækjendur um úthlutun og færa rök fyrir ákvörðun sé þess óskað.

5. grein – Umsóknarferli

Umsækjandi skal fylla út rafrænt eyðublað inn á vefsvæði Afreks- og styrktarsjóðs Aftureldingar.

- Mikilvægt er að umsækjandi skili inn öllum nauðsynlegum fylgiskjöllum er varðar umsóknina:
 - Staðfesting frá sérsambandi
 - Staðfestingu á þátttökugjöldum
 - Kvittanir fyrir útlögðum kostnaði



- Veiti upplýsingar um alla aðra styrki tengt verkefninu.

Fyrir úthlutun í janúar skal skila inn umsókn eigi síðar 5. janúar ár hvert. Fyrir úthlutun í júlí skal skila inn umsókn eigi síðar en 5. júlí ár hvert.

6. grein – Úthlutun og greiðslufyrirkomulag

Styrkjum í Afreks- og styrktarsjóð er úthlutað tvisvar á ári. Styrkir vegna verkefni á tímabilinu 1. janúar – 30. júní er úthlutað í júlí. Styrkir vegna verkefna á tímabilinu 1. júlí - 31. desember er úthlutað í janúar.

Styrkir verða greiddir út í síðasta lagi tveimur vikum eftir úthlutun.

7. grein – Endurskoðun reglugerðar

Reglugerð þessi skal endurskoðuð árlega og samþykkt af aðalstjórn Aftureldingar.

Úthlutunarreglur samþykktar af aðalstjórn 10. september 2025